1898

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland *til landshöfðingja* **um sölu á kirkjujörð (Reykjavíkur dómkirkju).** — Eptir að ráðaneytið hafði meðtekið þóknanlegt brjef yðar, herra landshöfðingi, dagsett 16. f. m., hefir hans hátign konunginum samkvæmt allraþegnsamlegustum tillögum mínum 10 þ. m. allramildilegast þóknazt að veita allrahæst samþykki til þess að selja megi fyrir 10500 krónur kirkjujörð Reykjavíkur dómkirkjuprestakalls, Breiðholt í Seltjarnarneshreppi í Gullbringu- og Kjósarsýslu, með því skilyrði, að andvirði jarðarinnar sje sett á vöxtu í söfnunarsjóði Íslands sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign Reykjavíkur dómkirkjuprestakalls og beneficiarius aðeins njóti vaxtanna af, en að jörðin verði framvegis skoðuð sem bændaeign að því er alla skatta og skyldur snertir. 78 13. ágúst

Þetta er yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar, birtingar fyrir hlutaðeigendum og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja *til amtmannsins yfir Suðuramtinu og Vesturamtinu* **um lög nr 9 frá 6. apríl 1898.** — Þjer hafið, herra amtmaður, í þóknanlegu brjefi, dagsettu 25. f. m., skotið til mín þeirri fyrirspurn sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu, hvort fara eigi eptir lögum nr. 9, frá 6. apríl 1898, um breyting á lögum um lausafjártíund, 12. júlí 1878, á næstu hausthreppaskilum, og að hverju leyti; og hafið þjer í samræmi við álit nefnds sýslumanns um þetta efni tekið það fram, að jafnvel þótt nokkur atriði sjeu, sem öðruvísi verði að taka skýrslurnar um eptir hinum nýju lögum heldur en eptir hinum eldri, þá virðist efalaust, að fara beri eptir nefndum lögum frá 6. apríl þ. á. við tíundarílagning í haust, með þeirri einni undantekning, að hrútar verði ekki lagðir í tíund í þetta skipti, þar sem þeir eigi eru nefndir í lögum 12. júlí 1878, um lausafjártíund, sem voru í gildi, þá er vorframtalið átti sjer stað. 79 8. sept.

Útaf þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar, að jeg er yður með öllu samdóma um það, hvernig svara beri framangreindri fyrirspurn.

Reglugjörð

um opinberar bólusetningar og skoðanir eptirá. 80

Samkvæmt fyrirmælum 7. greinar í lögum 26. febr. þ. á. um bólusetningar skal farið eptir reglum þeim, sem hjer á eptir segir, að því er snertir bólusetningar og skoðanir á bólusettum eptirá.

1. gr.

Í kaupstöðum skal opinber bólusetning samkvæmt lögum 26. febr. 1898, 1. gr., fara fram tvisvar á ári, haust og vor, í þeim húsakynnum, sem bæjarstjórnin lætur í tje til þess. Lækninum ber að tilkynna lögreglustjóra, hvaða dag bólusett verði, en lögreglustjóri auglýsir stað og stund og annað, sem með þarf í því efni á þann hátt, sem tíðkast í kaupstaðnum.

20. septbr. 1898.

Reykjavík. Ísafoldarprentsmiðja.